

Fundargerð.

Mánudaginn 28 október 2024 kl. 11.30, kom stjórn Fjárfestingarfélag Þingeyinga ehf, saman til fundar á Teams. Mættir, Bergþór Bjarnason formaður, Aðalsteinn J. Halldórsson og Valdimar Halldórsson, auk þess sat Pétur Snæbjörnsson framkvæmdastjóri fundinn og ritaði fundargerð. Þetta gerist.

Dagskrá:

- Erindi frá Mýsköpun ehf um hluthafalán.
- Ákvörðun aðalfundar
- Önnur mál.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og var gengið til dagskrár.

- Formaður fór yfir erindi frá stjórnarformanni Mýsköpunar ehf um hluthafalán til handa félaginu, samtals 50 milljónir kr sem skiptist hlutfallslega á eigendur þess. Nokkur umræða um málið, fundarmenn sammála um mikilvægi aðkomu okkar að eflingu þessa félags á þessu sinni, samþykkt að leggja Mýsköpun til allt að 8 milljónum króna með fyrirvara um samþykki hluthafa Fjárfestingarfélagsins þannig að þeir fjármagni þá aðkomu með hluthafaláni til Fjárfestingarfélagsins vegna þröngrar lausfjárstöðu nú um sinn.
- Umræður um aðalfund, það hefur því miður dregist úr hömlu að koma honum á. Á það sér einkum skýringar í bið eftir því hvort Þingeyjarsveit vill kom með í stækkun og eflingu félagsins. Fundarmenn á einu máli um að það sé fullreynt og ekki eftir neinu að bíða með að halda fundinn. Samþykkt að halda hann á Teams fimmtudaginn 14 nóvember nk kl 10 árdegis.
- Önnur mál engin mál borin upp undir þessum lið.